



Fréttatilkynning frá
skrifstofu forseta Íslands

Forsetahjónin heimsækja Norðlingaskóla í Reykjavík Verðlaunahafa Íslensku menntaverðlaunanna 2009

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff forsetafrú heimsækja Norðlingaskóla í Reykjavík á morgun, miðvikudaginn 24. febrúar. Norðlingaskóli hlaut Íslensku menntaverðlaunin árið 2009 í flokki skóla sem sinnt hafa vel nýsköpun í fræðslustarfi.

Fulltrúar nemenda, skólastjórnendur og kennarar Norðlingaskóla taka á móti forsetahjónunum kl. 10:00 í fyrramálið í Björnslundi, útiskólastofu skólans þar sem boðið verður upp á skógarkakó og flatkökur. Í kjölfarið heimsækja forsetahjón kennslustofur, kynna sér kennsluhætti og aðbúnað, viðhorf nemenda og starfsfólks. Farið verður m.a. í leikhússmiðju, ritunar-smiðju og rúmfræðismiðju.

Í umsögn dómnefndar Íslensku menntaverðlaunanna um Norðlingaskóla sagði m.a.:

Norðlingaskóli í Reykjavík hefur þann stutta tíma sem hann hefur starfað getið sér orð fyrir framsækni, nýsköpun og einkar heildstæða og skýra stefnumörkun og orðið fyrirmynd sem fólk víða að kemur til þess að skoða og læra af. Starf skólans er grundvallað á því lífsviðhorfi að hverjum einstaklingi skuli búin námsskilyrði svo hann megi á eigin forsendum þroskast og dafna sem sjálfstæður, sterkur og ekki síst lífsglaður einstaklingur.

Starfið er byggt á því að komið sé til móts við þarfir allra nemenda og að þeim líði vel. Litið er á margbreytileika nemendahópsins sem kost frekar en hindrun. Norðlingaholtið og nánasta umhverfi þess er samofið skólastarfinu og áhersla lögð á virk tengsl við foreldra og forráðamenn nemenda.

Árgöngum er kennt saman með það að markmiði að auka félagsfærni nemenda og mikil áhersla er lögð á list- og verkgreinar og samþættingu þeirra við aðrar námsgreinar.

Stjórnunarhættir í Norðlingaskóla einkennast af faglegu hugrekki, samvinnu og virkri þátttöku starfsmanna. Skólinn hefur farið inn á nýjar brautir við að skipuleggja vinnutíma starfsmanna. Allt starfsfólk skólans vinnur í teyimum en markmiðið með þeirri áherslu er að nýta margbreytileika starfsfólksins og rjúfa hina hefðbundnu einyrkjastarfsemi sem er víða við lýði.

23. febrúar 2010

Nánari upplýsingar um heimsókn forsetahjóna til Norðlingaskóla veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Guðbrandur Stígur Ágústsson framkvæmdastjóri Íslensku menntaverðlaunanna (862 8049). Jafnframt má leita upplýsinga hjá skólastjóra Norðlingaskóla Sif Víghórsdóttur.